



Fundargerð 14. ágúst 2017

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalístaflakks Íslands. Haldinn mánudaginn 14. ágúst í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt úr hópi stjórnarmanna voru Ásta Dís Guðjónsdóttir, Benjamín Julian, Gunnar Smári Egilsson, Sigurður H. Einarsson og Viðar Þorsteinsson. Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Laufey Ólafsdóttir boðuðu forföll.

Gestur fundarins var flokksfélaginn Katrín Baldursdóttir.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Gestur fundar kynnir sig

Katrín Baldursdóttir atvinnulífsfræðingur kynnti sig. Henni voru færðar þakkir stjórnarfólks fyrir öflug, vönduð og regluleg skrif á vef flokksins.

2 · Vefurinn og Fb-hópur

Í kjölfar kynningarinnar var rætt um vefinn og Facebook-síðuna og -hópinn. Katrín stakk upp á að nýta mætti eldra efni af heimasíðunni betur, með því að dreifa því upp á nýtt á Facebook. Þetta gæti verið upplagt þegar umræður dagsins bjóða upp á tengingar við efni af vefnum. Rætt var um að hvetja félagsmenn og aðra áhugasama um að leggja til efni á vefinn.

3 · Málefnavinnan

Gunnar Smári og Benjamín Júlían sögðu frá vinnu við að raða inn í málefnaþópna með slembivali. Talsvert er um að fólk vilji ekki taka þátt, og hefur þá verið slembivalið á ný í þeirra stað. Nú er búið að manna þópna upp að 90% miðað að 30 séu í hverjum hóp eða samtals 120.

Fundurinn lýsti þakklæti fyrir þá miklu vinnu sem Benjamín og Gunnar Smári hafa lagt í úthringingar og skeytasendingar til félagsmanna.

Benjamín Júlían sagði stuttlega frá upplifun sinni af þeirri miklu snertingu við félagsmenn í gegnum tölvupóst og síma sem mönnun málefnaþópanna hefur falið í sér. Hann sagði fólkið jákvætt og hrifið, en sumarfrí settu strik í reikninginn. Nokkuð um að fólk svari ekki tölvuskeytum en sé engu að síður glatt að heyra frá einhverjum úr flokknum í gegnum síma. Margir lýsa ánægju með að sjá nýja stjórnmalatilraun, t.d. fólk sem hefur tekið þátt í ýmsu á þeim tíu árum sem liðin eru frá Búsáhaldaþyltingunni. Ein manneskja sagðist vilja gá hvernig sér myndi líða á fyrsta fundi og sjá svo til hvort hún tæki áfram þátt.

Farið var yfir nöfn hugsanlegra umræðustjóra fyrir hvern og einn hóp.

Sömuleiðis var farið yfir nöfn sérfræðinga í einstaka hópa, ss. heilbrigðishópin sem enn vantar að manna betur.

4 · Almennt félagsstarf

Rætt var um hópamyndun félagsmanna með aðstoð rafrænnar félagaskrár, svokallaðar „sellur“. Rætt var um tilgang þeirra og vægi fyrir flokkinn. Mikilvægt væri að hjálpa félögum að finna öryggi, kynnast hver öðrum, o.s.frv. Sellurnar yrðu einnig æfing í því að stunda pólitík þvert á stétt, aldur og aðrar slíkar aðgreiningar og almennt laða fólk til starfa í þágu sósíalisma.

5 · Fundir, áróður, umræður

Rætt var um fundinn sem haldinn var í dag með Richard Seymour, og telst hann hafa heppnast vel. Mæting var góð, fyrirlesturinn vandaður og kraftmikill. Seymour fór í viðtal hjá Kjarnanum að loknum fyrirlestri.

Ásta Dís sagði frá samræðu við Ellen Calmon, formann ÖBÍ, en til stendur að SÍ og ÖBÍ standi sameiginlega fyrir fundi um starfsgetumat. Fallist á að bjóða henni á fund með stjórn eða meðlimum úr stjórn.

Fundi var slitið fyrir klukkan 22:00